

**152. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
19. janúar 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Ingibjörg Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Guðrún Hjörleifsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Ragnheiður Ásta Brynjólfsson áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólakennara, Gíslína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólakennara, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2008109 - Verklagsreglur um starfsemi leikskóla- endurskoðun

Endurskoðaðar verklagsreglur lagðar fram til samþykktar.

Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í leikskóla, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara og Ragnheiður Ásta Brynjólfsson áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskóla sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð samþykkir breytingar á verklagsreglum um starfsemi leikskóla.

2. 2101138 - Sumarleyfi leikskólanna 2021

Anney, Salbjörg og Ragnheiður sitja áfram undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð vísar afgreiðslu um sumarlokun til næsta fundar.

Áheyrnarfulltrúar víkja af fundi.

3. 2004223 - Ungt fólk 2020 - rannsókn og greining niðurstöður

Farið yfir tvær kannanir um hagi og líðan ungmenna á Akranesi og viðbrögð grunnskólanna við þeim.

Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Grundaskóla, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Brekkubæjarskóla, Guðrún Hjörleifsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Brekkubæjarskóla, Ingibjörg Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Grundaskóla og Gíslína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra í Brekkubæjarskóla sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar skólastjórnendum fyrir kynningu og áheyrnarfulltrúum fyrir góða og gagnlega umræðu.

4. 2101136 - Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk liggja fyrir 2020

Skólastjórar kynna niðurstöður samræmdra prófa.

Áheyrnarfulltrúar sitja áfram undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar góða kynningu á samantekt á niðurstöðum samræmdra prófa.

5. 2006227 - Endurhönnun grunnskólalóða

Kynntar fyrirbyggjandi teikningar af hönnun lóða Brekkubæjarskóla og Grundaskóla, jafnframt er kynnt áfangaskipting framkvæmda.

Áheyrnarfulltrúar sitja áfram undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar góða kynningu.

Áheyrnarfulltrúar víkja af fundi.

6. 2011109 - Styrkir til menningar- og íþróttamála 2021

Framhald umræðu frá síðasta fundi.

Skóla- og frístundaráð vísar afgreiðslu styrkja til stjórnar ÍA til samræmis við samþykkt bæjarráðs um endurnýjun samnings Akraneskaupstaðar og ÍA.

7. 2002069 - Menntastefna- endurnýjun

Skóla- og frístundaráð þakkar sviðsstjóra skóla- og frístundaráð fyrir kynningu á vinnu við endurnýjun á menntastefnu Akraneskaupstaðar.

8. 2012274 - Gjaldskrár 2021

Kynning á samþykktum gjaldskrár fyrir stofnanir á skóla- og frístundasviði.

Skóla- og frístundaráð vísar tillögum að breytingum til bæjarráðs til samþykktar.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

Sign (BD, RBS, SMS, FES og VJ).

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.